

Erlendir ferðamenn í Hafnarfirði sumarið 2014 og þróunin frá 2005



Ljósmyndir: Rögnvaldur Guðmundsson.

Kápu mynd: Sumardagurinn fyrsti í Hafnarfirði.

Erlendir ferðamenn í Hafnarfirði sumarið 2014 og þróunin frá 2005



Friðað hraun í Hafnarfirði.



**Samantekt unnin fyrir
Menningar- og ferðamálanefnd Hafnarfjarðar**

Nóvember 2014

Höfundur: Rögnvaldur Guðmundsson
Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar ehf
rognvaldur@rrf.is

Efnisyfirlit

	Helstu niðurstöður	1
1.0	Inngangur	2
1.1	Kannanir	2
1.2	Úrvinnsla	2
1.3	Niðurstöður grunnsurninga	3
1.4	Markmið og hagnýting	4
2.0	Erlendir ferðamenn á Íslandi 2004-2014	5
2.1	Ferðamenn með flugi og ferju og gistinætur þeirra	5
2.2	Ferðamáti og farartæki ferðamanna	6
2.3	Ferðamenn með skemmtiferðaskipum	7
2.4	Allir ferðamenn á Íslandi 2004-2014	7
3.0	Erlendir ferðamenn í Hafnarfirði sumarið 2014 og þróunin frá 2005	8
3.1	Dagsgestir, næturgestir og gistinætur 2005-2014	8
3.2	Heyrt um Hafnarfjörð	11
3.3	Upplýsingaöflun um Hafnarfjörð fyrir heimsókn þangað	12
3.4	Afþreying gesta í Hafnarfirði 1998-2014	13

Helstu niðurstöður

- **Um 15% erlendra ferðamanna sem komu til Íslands sumarið 2014 (júní til ágúst) höfðu einhverja viðdvöl í Hafnarfirði. Þar af gistu rúmlega 3%, í að jafnaði 3,1 nótt, en um 12% komu í dagsferð.** Hlutfall komugesta var 16% sumarið 2011, 17% sumarið 2008 og 19% sumarið 2005.
- **Áætlað er að 67 þúsund erlendir ferðamenn hafi haft viðkomu í Hafnarfirði sumarið 2011, um 46% fleiri en sumarið 2011. Þar af hafi 14 þúsund gist í nálægt 43 þúsund nætur.** Miðað við það voru gistinætur erlendra ferðamanna í Hafnarfirði um 1% af öllum erlendum gistinóttum hér á landi síðastliðið sumar.
- **25% þeirra sem höfðu komu til Hafnarfjarðar öfluðu sér upplýsinga um bæinn áður en þeir komu.** Af þeim sem komu í Fjörðinn höfðu flestir aflað upplýsinga í ferðahandbókum (9%), á *Trip Advisor* (8%)eða á *Google* (7%).
- **28% þeirra sem komu í Hafnarfjörð sumarið 2014 fóru á veitinga- eða kaffihús.** Næst flestir fóru í Helliðgerði (19%) en nokkru færri versluðu (17%), nýttu sér þjónustu upplýsingamiðstöðvar ferðamanna í ráðhúsinu (15%), fóru á safn/sýningu í Hafnarfirði (12%) eða heimsóttu þar vini/kunningja (9%).

1.0 Inngangur

1.1 Kannanir

Þessi greinargerð byggir á niðurstöðum úr könnun sem Rannsóknir og ráðgjöf ferðapjónustunnar (RRF) framkvæmdi fyrir Menningar- og ferðamálanefnd Hafnarfjarðar meðal erlendra ferðamanna í Leifsstöð sumarið 2014. Könnunin stóð frá júní til ágúst og var liður í stærri könnun, *Dear Visitors*, sem hefur verið framkvæmd af RRF með reglubundnum hætti frá árinu 1996 og stöðugt frá janúar 2004 (alla mánuði ársins).

Alls fengust 994 gild svör í sumarkönnuninni 2014 og svöruðu 74% af þeim sem fengu könnunina í hendur. Spurt var hvort fólk hefði komið til Hafnarfjarðar, hvort það hefði gist þar og í hve margar nætur. Þeir sem ekki höfðu komið þangað í ferðinni voru spurðir hvort þeir hefðu heyrt um Hafnarfjörð. Þeir sem höfðu komið til Hafnarfjarðar voru spurðir hvort þeir hefðu aflað sér upplýsinga um bæinn áður en þeir komu þangað og þá hvar. Jafnframt voru þeir sem spurði hvort þeir hefðu þar gert eitthvað af eftirtöldu í Hafnarfirði:

verslað, farið á hestbak, í heimsókn, sund, víkingaveislu/-hátíð, á upplýsingamiðstöð, í veitingahús, í Hellisgerði (álfgarðinn).

Niðurstöðurnar verða raktar í kafla 3.0 og einnig bornar saman við niðurstöður úr fyrri könnunum RRF fyrir Hafnarfjörð sumrin 2005, 2008 og 2011 og í sumum tilvikum einnig könnun frá 1998.

Í kafla 2.0 verður þróunin í komum erlendra ferðamanna til Íslands frá 2004 til 2014 stuttlega rakin og að hluta til allt frá 1996.

1.2 Úrvinnsla

Við úrvinnslu niðurstaðna eru þeir erlendu ferðamenn sem þátt tóku í könnunum RRF fyrst skoðaðir sem heild en síðan m.t.t. kyns, aldurshópa, búsetu (markaðssvæða) og ferðamáta (á eigin vegum eða í hópferð). Erlendir ferðamenn eru flokkaðir eftir sex markaðssvæðum hvað búsetu varðar. Gestir með búsetu utan þeirra svæða eru hafðir saman undir heitinu *önnur svæði*.

Tafla 1.1 Skilgreining á markaðssvæðum

<i>Markaðssvæði</i>	<i>Lönd</i>
Norðurlönd	Noregur, Svíþjóð, Finnland og Danmörk.
Mið-Evrópa	Þýskaland, Pólland, Austurríki og Sviss.
Benelux löndin	Belgía, Holland og Lúxemborg.
Bretlandseyjar	England, Wales, Skotland og Írland.
Suður-Evrópa	Ítalía, Frakkland, Spánn, Portúgal, Grikkland ...
Norður-Ameríka	Bandaríkin, Kanada og Mexíkó.
Önnur svæði	A-Evrópa, Afríka, Asía, Ástralía og S-Ameríka.

Þegar rætt er um tölfræðilegan áreiðanleika niðurstaðna eru svokölluð fráviksmörk notuð sem viðmið. Fráviksmörk eru reiknuð fyrir hverja hlutfallstölu og segja til um það með hve mikilli nákvæmni megi yfirfæra niðurstöður úrtakskönnunar á þann viðmiðunarhóp eða „þýði“ sem til skoðunar er. Í könnuninni er þýðið 437 þúsund farþegar sem komu með flugi eða ferju til Íslands sumarið 2014.¹ Í töflu 1.2 má sjá fráviksmörkin eftir því hve stórt úrtakið er og eftir hlutfallstöllum. Taflan miðar við 95% öryggismörk.

Tafla 1.2 Fráviksmörk í úrtakskönnun – allar tölur í %

Fjöldi	5/95	10/90	15/85	20/80	25/75	30/70	40/60	50
100	4,3	5,9	7,0	7,8	8,5	9,0	9,6	9,8
200	3,0	4,2	5,0	5,5	6,0	6,4	6,8	6,9
400	2,1	2,9	3,5	3,9	4,2	4,5	4,8	4,9
600	1,8	2,4	2,9	3,3	3,6	3,8	4,0	4,2
800	1,6	2,2	2,5	2,9	3,2	3,3	3,6	3,7
1000	1,4	1,9	2,2	2,5	2,7	2,8	3,0	3,1
1200	1,3	1,7	2,0	2,3	2,5	2,6	2,8	2,8
1500	1,1	1,5	1,8	2,0	2,2	2,3	2,5	2,5

Sem dæmi má taka ef 15% svarenda í *Dear Visitors* sumarið 2014 komu til Hafnarfjarðar verður frávikíð frá gefnu hlutfalli +/- 2,2% miðað við 1000 svarendur. Ef 50% hefðu komið til bæjarins væri frávikíð hins vegar +/- 3,1%.

1.3 Niðurstöður grunnspurninga

- Af þeim 994 sem skiluðu fullgildum svörum í könnuninni *Dear Visitors* sumarið 2014 voru karlar 53% þátttakenda en konur 47%. Þá voru 60% svarenda á aldrinum 16-35 ára, 30% voru 36-55 ára og 10% eldri en 55 ára.
- Meðal þátttakenda voru 25% frá Mið-Evrópu, 21% frá Norður-Ameríku, 17% frá Suður-Evrópu, 13% frá Norðurlöndunum, 9% frá Bretlandi, 7% frá Benelux löndunum og 8% frá öðrum svæðum.
- 74% voru í ferð á eigin vegum, 16% í "self drive" ferð (að hluta skipulögð af ferðaskrifstofu), en 10% í skipulagðri hópferð.
- 85% svarenda voru að koma til Íslands í fyrsta skipti en 15% höfðu komið áður.
- 93% voru á Íslandi í fríi, 6% í heimsókn, 3% vegna ráðstefnu og sama hlutfall í viðskiptaerindum en 2% gáfu upp aðrar ástæður.
- Meðaldvalarlengd á Íslandi var 9,7 nætur meðal þeirra sem dvöldu hér í 90 nætur eða skemur sumarið 2014.

¹. Heimildir: *ferdamalastofa.is*, *flugtölur ISAVIA* og *Austfar ehf (Norræna)*.

1.4 Markmið og hagnýting

Markmiðið með þessari greinargerð er að nýta upplýsingar úr áðurnefndri könnunum RRF þannig að Menningar- og ferðamálanefnd Hafnarfjarðar, bæjaryfirvöld og ferðaþjónustuaðilar í Hafnarfirði geti betur gert sér grein fyrir fjölda gistinguátta og hegðun erlendra ferðamanna í Hafnarfirði sumarið 2014 og þróun í heimsóknum erlendra ferðamanna til bæjarins frá árinu 2005.

Slíkar upplýsingar eru jafnframt gagnlegar þegar unnið er að framtíðarstefnumótum í ferðamálum fyrir Hafnarfjörð og til að meta hlut bæjarfélagsins í ferðaþjónustu á Íslandi. Rétt er að hafa í huga að þessar kannanir taka aðeins til sumartímans og væri æskilegt að mæla einnig komur erlendra ferðamanna til Hafnarfjarðar utan sumartíma.


Auk þess er að mati skýrsluhöfundar afar æskilegt að kanna á ný útgjöld og viðhorf ferðamanna í Hafnarfirði til þjónustu og aðbúnaðar á sviði ferðaþjónustu með vettvangskönnun árið 2015 en það var síðast gert árið 1998.

2.0 Erlendir ferðamenn á Íslandi 2004-2014

2.1 Ferðamenn með flugi og ferju og gistinætur þeirra

Erlendum gestum til Íslands með flugi fjölgaði verulega á árunum 2004-2007. Fjöldi þeirra stóð síðan nokkurn veginn í stað 2008-2010 en frá 2011 til 2014 hefur verið mjög mikil fjölgun (um 20% ári). Nú stefnir í að fjöldi erlendra ferðamanna til Íslands með flugi og ferju frá 2004 til 2014,

Mynd 2.1 Fjöldi ferðamanna til Íslands 2004-2013
ferðamenn með flugi og ferju



muni fjölga úr 365 þúsund í um 990 þúsund gesti (170% fjölgun), sem jafngildir rúmlega 10% árlegri fjölgun. Ástæður fyrir stöðnuninni 2008-2010 eru einkum þær að í kjölfar bankahrunsins á Íslandi fækkaði verulega fólki sem kom til Íslands til að vinna og einnig þeim sem komu í viðskiptaerindum. Jafnframt varð nokkur fækkun á ráðstefnugestum. Hina miklu aukningu síðustu þrjú árin


má líklega einkum þakka mikilli umfjöllum um Ísland í öllum helstu fréttamiðlum heimsins í kjölfar eldgossins í Eyjafjallajökli árið 2010, mikilli aukningu á sætaframboði í millilandaflugi og meiri fagmennsku í markaðssetningu Íslands sem áfangastaðar, svo sem hið verðlaunaða markaðsátak *Inspired by Iceland* undir forystu Íslandsstofu er dæmi um. Tengt því er átakið *Ísland allt árið*. Það er ánægjulegt að síðustu þrjú ár hefur ferðamönnum utan sumars fjölgað mun meira en sumar-gestum, sem leggur grunn að bættri nýtingu fjárfestinga í greininni. Þannig verða ferðamenn með flugi og ferju utan sumartíma 2014 líklega um 56% gesta til landsins en sumargestir 44%.

Gistinætur erlendra ferðamanna hafa lengi verið um helmingi fleiri að sumri en utan þess, þar sem meðaldvöl sumargesta hefur verið nálægt 10 nóttum en vetrargesta um 5 nætur. Þar hefur þó heldur dregið saman síðustu 2-3 ár, einkum vegna meiri fjölgunar vetrargesta en sumargesta. Einnig hefur meðaldvöl sumargesta heldur verið að styttest og var t.d. um 9,5 nætur að jafnaði sumarið 2014. Þannig má áætla að árið 2014 verði gistinætur erlendra ferðamanna á Íslandi alls um 7 milljónir talsins; þar af 60% yfir sumarmánuðina en 40% aðra níu mánuði ársins.

Af gestum frá einstökum markaðssvæðum sem koma til landsins með flugi og ferju eru Norðurlandabúar fjölmennastir á ársgrundvelli. Einkum hefur svo verið að vetrarlagi þar til veturinn 2012-2013 þegar gestir frá Bretlandaseyjum voru heldur fleiri og hafði þá fjölgað tvöfalt frá vetrinum 2010-2011. Veturinn 2013-2014 juku Bretar þá forystu sína verulega. Hins vegar komu litlu fleiri Bretar til Íslands sumarið 2014 en sumarið 2004. Að sumarlagi hafa ferðamenn frá Norðurlöndum og Mið-Evrópu (Þýskaland, Póllandi, Sviss og Austurríki) verið fjölmennastir en frá sumrinu 2013 hafa ferðamenn frá Norður-Ameríku og frá löndum utan helsti markaðssæða blandað sér í toppbaráttuna. Þá koma ferðamenn frá Suður-Evrópu (mest Frakkland, þá Spánn,


síðan Ítalía...) einnig helst til Íslands að sumarlagi. Gestir frá Suður-Evrópu og Mið-Evrópu koma hins vega mun minna til Íslands að vetrarlagi. Þessu er, eins og áður segir, öfugt farið með Breta sem koma hingað mest að vetrarlagi. Gestir frá Norður-Ameríku eru hins vegar á móta fjölmennir að sumri og utan þess svo sem betur sést á myndum 2.2-2.3.

Myndir 2.2-2.3 Fjöldi erlendra ferðamanna á Íslandi eftir markaðssvæðum
farþegar með flugi og ferju - sumur og utan sumars 2004-2014




2.2 Ferðamáti og farartæki ferðamanna

Mynd 2.4 Ferðamáti erlendra sumargesta á Íslandi 1996-2014



Sumarið 2011 var síðan staðan sú að um 80% voru á eigin vegum en 20% í skipulagðri hópfarð. Síðustu árin hafa svo kallaðar "self drive" ferðir vaxið mikið þar sem ferðin er að hluta skipulögð, gisting bókuð fyrirfram af ferðaskrifstofum/ferðaskipuleggjendum og auk þess er oft bókaður bílaleigubíll en ferðamennirnir keyra sjálfir. Frá sumrinu 2012 hefur RRF spurt um tíðni slíkra ferða. Niðurstaðan er sú að sumarið 2014 sögðust 16% svarenda vera í "self drive" ferð, 74% alfarið á eigin vegum og 10% í skipulagðri hópfarð.

Mynd 2.5 Helstu farartæki erlendra sumargesta á Íslandi 1996-2014



Ferðamáti erlendra ferðamanna hefur breyst mjög frá því að reglubundnar kannanir hófust hjá Rannsóknum og ráðgjöf ferðapjónustunnar (RRF) sumarið 1996. Þá skiptust ferðamenn í tvo nánast í jafn stóra hópa; annar var í skipulagðri hópfarð en hinn í ferð á eigin vegum. Þetta breyttist svo hratt á næstu árum þannig að sumarið 2003 voru 67% á eigin vegum, tveir af hverjum þremur, en 33% í hópfarð.


Aukið sjálfstæði erlendra ferðamanna helst í hendur við mikla aukningu í notkun þeirra á bílaleigubílum og að sama skapi minni notkun á hópfarðabílum og áætlunarbílum. Sumarið 1996 nýttu 50% erlendra gesta sér hópfarðabíl, 20% áætlunarbíl en 21% bílaleigubíl. Sumarið 2003 notuðu svipað

margir hópferðabíl og bílaleigubíl (36-37%) en mun færri áætlunarbíl (27%). Sumarið 2014 nýttu 59% sér eitthvað bílaleigubíl í ferðum sínum um Ísland, 25% hópferðabíl (allmargir í dagsferðum frá Reykjavík) og 16% áætlunarbíl. Auk þess eru ferðamenn nokkuð á eigin bílum (Norrænuferðar), á bílum vana/ættingja á Ísland eða hjóla um landið. Þá nýttu 36% vetrargesta 2013-2014 sér bílaleigubíl en 26% gesta veturinn 2007-2008. Mun fleiri nota hópferðabíla að vetri (um helmingur gesta) en sumri, enda fara þá fleiri í skipulagðar dagsferðir frá Reykjavík.

2.3 Ferðamenn með skemmtiferðaskipum

Mikilvægt er að hafa í huga að ferðamönnum sem koma með skemmtiferðaskipum til Íslands hefur fjölgað mikið á síðasta áratug. Þannig komu um 52 þúsund erlendir skemmtiferðaskipagestir til Íslands árið 2004 en um 100 þúsund árið 2014, sem er 92% aukning.² Þessir ferðamenn dreifast einkum á mánuðina júní til september, en koma einnig lítillega í síðari hluta maí. Þeir gista nær eingöngu um borð í skipunum og eru því með fáar skráðar gistinætur á Íslandi. Þeir fara hins vegar mikið í ýmiss konar skoðunarferðir út frá viðkomustöðum skipanna og/eða skoða sig um á viðkomandi þéttbýlisstað.


Mynd 2.6 Fjöldi ferðamanna með skemmtiferðaskipum til Íslands 2004-2014



2.4 Allir ferðamenn á Íslandi 2004-2014

Á mynd 2.7 má sjá þróunina í áætluðum fjölda allra ferðamanna til Íslands: með flugi, ferjunni Norrænu og skemmtiferðaskipum á tímabilinu 2004-2014. Þar sést að þótt þorri skemmtiferðaskipagesta komi til að sumarlagi (nær 80%) þá varð sá viðsnúningur á árinu 2013 að fleiri ferðamenn komu til landsins utan sumartíma en að sumri. Árið 2014 munu því líklega um 53% allra ferðamanna til Íslands koma utan sumars en 47% að sumarlagi (júní til ágúst). Allar líkur eru á að sú þróun haldi áfram og að ferðamönnum utan sumartíma fjölgi hraðar en sumargestum á komandi misserum og árum.

Mynd 2.7 Allir ferðamenn til Íslands 2004-2014 flug, ferja og skemmtiferðaskip




². Heimild: www.faxafloahafnir.is

3.0 Erlendir ferðamenn í Hafnarfirði sumarið 2014 og þróunin frá 2005

3.1 Dagsgestir, næturgestir og gistinætur 2005-2014

Rúmlega 15% erlendra ferðamanna sem komu til Íslands sumarið 2014 (júní til ágúst) höfðu viðdvöl í Hafnarfirði samkvæmt könnun RRF. Þar af gistu rúmlega 3% en 12% komu í dagsferð.

Mynd 3.1 Hlutfall dagsgesta og næturgesta í Hafnarfirði sumarið 2014°



Til samanburðar höfðu 16% erlendra ferðamanna sem komu til Íslands sumarið 2011 (júní til ágúst) viðdvöl í Hafnarfirði samkvæmt könnun RRF, 17% sumarið 2008 og 19% sumarið 2005. Þessi fækkun á hlutfalli komugesta til Hafnarfjarðar á milli árána 2014 og 2005 er marktæk.

Þeir sem gistu í Hafnarfirði sumarið 2014 dvöldu að jafnaði 3,1 nætur sem er sami meðalfjöldi náttu og mældist sumarið 2011. Þá var meðaldvöl erlendra næturgesta í Hafnarfirði 3,6 nætur sumarið 2008 og 3,3 nætur sumarið 2005.


Samkvæmt þessu má áætla að 67 þúsund erlendir ferðamenn hafi haft viðkomu í Hafnarfirði sumarið 2014 og þar af hafi 14 þúsund gist í 43 þúsund nætur. Sumarið 2005 var áætlað að 34 þúsund erlendir ferðamenn hefðu komið til Hafnarfjarðar; þar af um 27 þúsund dagsferðamenn og ríflega 7 þúsund næturgestir sem gistu 24 þúsund nætur.³ Samkvæmt þessum niðurstöðum hefur fjöldi erlendra ferðamanna í Hafnarfirði tvöfaldast frá sumrinu 2005 og gistinóttum fjölgað um nálægt 80%. Til samanburðar komu 437 þúsund erlendir ferðamenn til Íslands með flugi eða ferju sumarið 2014, en sumarið 2011 voru þeir 195 þúsund. Þannig fjölgaði erlendum gestum til Íslands um 124% á þessu árabili, sem er töluvert umfram fjölgunina í Hafnarfirði.

³. Háhitavæðið við Seltún í Krýsuvík er fjölsóttur ferðamannastaður innan landamerkjja Hafnarfjarðar. Þangað komu tugþúsundir ferðamanna árið 2014 eins og undanfarin ár, mögulega yfir 100 þúsund. Þeir ferðamenn gera sér fæstir grein fyrir því að Krýsuvík er í Hafnarfjarðarlandi. Þá er líklegt að hluti ferðamanna sem fóru í reiðtúra frá höfuðstöðvum Íshesta eða þeir sem komu í vikingaveislu í Fjörkranni hafi áttað sig á að þeir væru í Hafnarfirði. Því má gera ráð fyrir að nokkru fleiri erlendir ferðamenn hafi viðkomu í bænum sumarið 2014 en hér er áætlað og mun fleiri í landi sveitarfélagsins.

Samkvæmt *Dear Visitors* könnun RRF má áætla að gistinætur erlendra ferðamanna á Íslandi frá júní til ágúst 2014 hafi alls verið um 4,2 milljónir. Miðað við það voru gistinætur erlendra ferðamanna í Hafnarfirði um 1% af öllum gistinóttum erlendra ferðamanna hér á landi síðastliðið sumar. Til samanburðar má nefna að Hafnfirðingar eru nú um 9% af íbúum Íslands samkvæmt mannfjöldaskrá Hagstofu Íslands, um 30 þúsund af 330 þúsund íbúum. Erlendum gistinóttum í Hafnarfirði þarf því að fjölga nífalt til að Hafnfirðingar fái sinn skerf af erlendu gistináttakökunni.⁴

Næsta mynd sýnin nánar muninn á hlutfalli þeirra sem komu til Hafnarfjarðar eftir kyni, aldurshópum, búsetu (markaðssvæðum) og ferðamáta.

Mynd 3.2 Hlutfall erlendra ferðamanna í Hafnarfirði sumrin 2014, 2011, 2008 og 2005 eftir kyni aldri, búsetu og ferðamáta



⁴. Útgjöld erlendra ferðamanna í Hafnarfirði hafa ekki verið mæld síðan árið 1998. Ef slegið er á að meðalútgjöld næturgesta þar sumarið 2014 hafi að jafnaði verið um 25 þúsund kr. á nótt (eru a.m.k 30 þúsund að jafnaði meðal sumarferðamanna, en þá er leiga á bílaleigubíl o.fl. inni í því) gerir það útgjöld upp á um 1,1 milljarð frá júní til ágúst. Ef útgjöld dagsferðamanna í Hafnarfirði eru áætluð um 10 þúsund kr á mann (x 53 þúsund dagsgestir) gerir það um 530 milljónir til viðbótar. Alls um 1,6 milljarður, eða um 53 þúsund krónur á hvern íbúa í Hafnarfirði. Nauðsynlegt er að gera nánari kannanir meðal ferðamanna í Hafnarfirði til að áætla útgjöld þeirra í bænum með meiri nákvæmni.

Næsta tafla sýnir betur muninn á hlutfalli dagsgesta og næturgesta í Hafnarfirði sumrin 2014, 2011, 2008 og 2005 eftir kyni, aldurshópum, markaðssvæðum og ferðamáta.

Tafla 3.1 **Hlutfall dags- og næturgesta í Hafnarfirði**
sumrin 2014, 2011, 2008 og 2005
eftir kyni, aldri, búsetu og ferðamáta


%	Sumar 2014		Sumar 2011		Sumar 2008		Sumar 2005	
	Dags- gestir	Nætur- gestir	Dags- gestir	Nætur- gestir	Dags- gestir	Nætur- gestir	Dags- gestir	Nætur- gestir
Kona	12	4	11	4	13	7	16	3
Karl	12	3	12	5	10	5	13	4
16-35 ára	13	2	11	5	10	6	14	3
36-55 ára	10	5	10	4	11	5	15	4
> 55 ára	14	3	14	5	15	7	12	5
Norðurlönd	3	6	11	6	11	11	18	4
Mið-Evrópa	12	4	11	5	14	6	16	5
Benelux lönd	17	3	12	4	11	3	13	4
Bretland	6	0	11	4	11	4	10	2
S-Evrópa	14	1	8	5	8	5	9	3
N-Ameríka	12	3	13	3	13	5	14	1
Annað	21	2	18	8	14	6	24	4
Eigin vegum	12	2	12	5	12	5	14	4
“Self drive”	7	1						
Hóþferð	17	11	10	5	10	7	14	3
Meðaltal	12	3	11	5	11	6	14	4

Meira um gistinætur: upplýsingar frá ferðaþjónustuaðilum í Hafnarfirði.

3.2 Heyrt um Hafnarfjörð


Þeir sem höfðu ekki komið í Hafnarfjörð sumarið 2014 voru spurðir hvort þeir hefðu heyrt um bæinn. Niðurstaðan er sú að 15% svarenda komu í bæinn, 24% til viðbótar höfðu heyrt um Hafnarfjörð en 61% höfðu ekki heyrt um tilvist hans.

Mynd 3.3 Komið í Hafnarfjörð, heyrt um bæinn eða ekki sumarið 2014



Næsta mynd sýnir nánar hlutfall þeirra erlendu ferðamanna sumarið 2014 sem komu til Hafnarfjarðar eða höfðu heyrt um Hafnarfjörð eftir kyni, aldurshópum, búsetu og ferðamáta.

Mynd 3.4 Hlutfall erlendra sumargesta 2014 sem höfðu komið í Hafnarfjörð eða heyrt um bæinn eftir kyni aldri, búsetu og ferðamáta




3.3 Upplýsingaöflun um Hafnarfjörð fyrir heimsókn þangað



Ferðamenn á hestbaki.


25% þeirra sem höfðu komið til Hafnarfjarðar í ferðinni öfluðu sér upplýsinga um bæinn áður en þeir komu en 75% gerðu það ekki.

Mynd 3.5 Aflað upplýsinga um Hafnarfjörð fyrir komu þeir sem heimsóttu í Hafnarfjörð



Af þeim sem komu í Hafnarfjörð höfðu flestir aflað upplýsinga í ferðahandbókum (9%), á *Trip Advisor* (8%) eða á *Google* (7%).

Mynd 3.6 Hvar aflað upplýsinga um Hafnarfjörð fyrir komu?




3.4 Afþreying gesta í Hafnarfirði 1998-2014

Næsta mynd sýnir samanburð á afþreyingu erlendra ferðamanna í Hafnarfirði sumrin 2014, 2011, 2005 og 1998 (ekki spurt um hana 2008).⁵ Sumarið 2014 var í fyrsta skipti spurt hvort ferðamenn hefðu heimsótt Hellisgerði/álfagarðinn og í annað skipti spurt hvort fólk hefði verslað í Hafnarfirði.

Niðurstaðan er sú að 28% þeirra sem komu í Hafnarfjörð sumarið 2015 fóru á veitinga- eða kaffihús, sem er mjög svipað og önnur ár sem könnunin hefur verið framkvæmd. Næst flestir fóru í Hellisgerði (19%) en nokkru færri versluðu (17%), nýttu sér þjónustu upplýsingamiðstöðvar ferðamanna í ráðhúsinu (15%), fóru á safn/sýningu í Hafnarfirði (12%) eða heimsóttu þar vini/kunningja (9%).

Mynd 3.7 Afþreying erlendra ferðamanna í Hafnarfirði sumrin 2014, 2011, 2005 og 1998



⁵ Líklegt að heimsóknir á veitingastaði og á hestbak séu eitthvað vanmetnar og að sumir þeirra sem koma í t.d. hópferð í Fjörukrána eða fara á hestbak hjá Íshestum átti sig ekki á því að þeir séu í Hafnarfirði.